

Uppleyst efni í köldu vatni. Tilraunabrunnar
hjá Zanus-Rex ehf

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-2001-05



UPPLEYST EFNI Í KÖLDU VATNI

Tilraunabrunnar hjá Zanus-Rex ehf

Efnarannsóknarstofa Orkustofnunar hefur fengið til athugunar sýni af köldu vatni úr tveimur tilraunabrunnum í Þorlákshöfn. Sýnin voru tekin af Ásgeiri Kolbeinssyni hjá Zanus-Rex ehf þann 17. janúar 2000. Tilgangur athugunarinnar var að kanna heildarmagn uppleystra efna (TDS) í vatninu.

Sýrustig (pH) vatnsins var mælt af plastflöskum, nokkrum klst eftir að sýnin voru tekin. Fyrir mælingu á heildarmagni uppleystra efna voru sýnin síuð. Annars vegar í gegnum 0,45 μm síu og hins vegar í gegnum 0,2 μm síu. Þau voru hituð fyrst við 105 °C yfir nótt og síðan við 180 °C í 4 klst. Niðurstöður eru sýndar í töflu 1.

Tafla 1. Niðurstöður

Staður	Tilraunabrunnur 1	Tilraunabrunnur 2
Númer	2000-0011	2000-0012
Sýrustig (pH / °C)	9,0 / 22,1	8,2 / 19,4
Uppleyst efni (TDS)	(mg/l)	(mg/l)
0,45 μm / 105 °C	67,5	82,5
0,2 μm / 105 °C	65,5	81,0
0,45 μm / 180 °C	59,5	75,5
0,2 μm / 180 °C	58,5	72,0

Magnús Ólafsson